

TÖLUM SAMAN UM KYNFERÐISLEGA ÁREITNI



Kynferðisleg áreitni á vinnustöðum er aldrei í lagi

HVAÐ ER KYNFERÐISLEG ÁREITNI?

- Kynferðisleg áreitni:** *Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknað og/eða líkamleg.*
- Orðbundið** – t.d., kynferðislegar athugasemdir um klæðnað eða útlit, óvelkomin kynferðisleg stríðni/grín, persónulegar spurningar um einkalíf eða kynlíf.
- Táknað** – t.d., hengja upp plaköt/myndefni sem inniheldur kynferðislegt efni eða niðurlægja annað kynið, óvelkomnar augngotur eða önnur hegðun sem gefa eitthvað kynferðislegt til kynna, sýna eða senda kynferðislegt efni s.s. gegnum SMS, tölvupóst eða samfélagsmiðla.
- Líkamlegt** – t.d., óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur, hrista, slá, sparka eða rasskella, fara inn á persónulegt rými einstaklinga, s.s. með því að halla sér yfir eða króa af.

UM VERKEFNIÐ – KYNFERÐISLEG ÁREITNI Í HEILBRIGÐISSTÖRFUM

- Markmið verkefnisins hefur verið að þróa norrænan reynslubanka með rými fyrir nýjar hugmyndir um aðferðir, þróun þekkingar og meðvitund um forvarnir og viðbragðsáætlanir er tengjast kynferðislegri áreitni í heilbrigðisstörfum innan þessara norrænu sveitarfélaga. Niðurstöður verkefnisins, sem var framkvæmt á tímabilinu 2018-2020, hafa verið settar fram í þremur skýrslum; *Skýrsla 1 – Söfnun gagna um löggjöf, umfang, leiðbeiningar og viðbragðsáætlanir er tengjast kynferðislegri áreitni í heilbrigðisstörfum á sveitarstjórnarstigi og á landsvísu. Sveitarfélögin eru Akureyri, Arendal og Eskilstuna. Skýrsla 2 – Niðurstöður og athugasemdir spurningarkönnunar meðal heilbrigðisstarfsmanna sveitarfélaganna Akureyri, Arendal og Eskilstuna. Skýrsla 3 – Niðurstöður og samantekt úr rýnivíðtölum við stjórnendur, starfsmenn og öryggistrúnaðarmenn úr heilbrigðisstörfum sveitarfélaganna Akureyri, Arendal og Eskilstuna. Til að lesa allar skýrslurnar [ýtið hér](#).*

Önnur afurð af verkefninu er þróun á efni sem byggir á niðurstöðum skýrslanna þriggja. Efnið byggir á einblöðungi og veggspjöldum með myndum sem sýna heilbrigðisstarfsfólk verða fyrir óæskilegri kynferðislegri áreitni á vinnustað sínum. Efnið verður sent út á alla vinnustaði sem tóku þátt í verkefninu. Efnið er fáanlegt fyrir öll Norðurlöndin og hægt að hlaða efnið niður á www.senterforlikestilling.org.

- Hver er áhættan?** Vinnuaðstæður í heilbrigðis- og umönnunarstörf geta verið áhættusamari, þar sem stundum er unnið einn, unnið er á nætur- og helgarvöktum, unnið inn á heimilum skjólstæðinga og í nánnum félagslegum tengslum. Að auki hefur heilbrigðisgeirinn hærra hlutfall hlutastarfa og tímabundna ráðninga og oft á tíðum er veikindatíðni meiri. *Því getur starfsfólk verið sérstaklega viðkvæmt fyrir mismunandi tegundum valdamisnotkunar vegna undirgefni og ósjálfstæðis.*
- Hverjir eru í áhættu?** Ungt og nýtt starfsfólk, konur, nemandur í starfsnámi, tímabundið ráðið starfsfólk og starfsfólk sem tilheyrir einhverskonar minnihluta hópi.
- Fyrirbyggjandi aðgerðir!** *Atvinnurekendur og yfirmenn stofnana og félagasamtaka skulu gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemandur og skjólstæðingar verði fyrir [kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni] ¹⁾ á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum (22.gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 2008).*

TÖLUM SAMAN

- Vinnustaðamenningin getur breyst ef við tölum saman um kynferðislega áreitni.
- Saman getum við komið í veg fyrir kynferðislega áreitni í starfsumhverfinu.
- Meginástæður þess að starfsfólk segist ekki segja frá upplifðri kynferðislegri áreitni eru: *“brotið of lítið eða of saklaust”, “telur það viðurkennda áhættu í starfi sínu með skjólstæðingum”, “vill ekki vera með vesen”, “telur að skjólstæðingurinn geti ekki talist ábyrgur á hegðun sinni”.* Kynferðisleg áreitni á vinnustað er aldrei í lagi.
- Gerðu forvarnir og aðgerðir gegn kynferðislegri áreitni að reglulegu umræðuefni á starfsmannafundum.
- Þegar nýtt starfsfólk byrjar, segðu þeim að kynferðisleg áreitni sé ekki liðin á vinnustaðnum þínum og hvert þeir eiga að leita ef þau verða fyrir eða vitni að slíkri hegðun.
- Allir geta orðið fyrir kynferðislegri áreitni, einnig skjólstæðingar.

HVERT Á AÐ LEITA AÐSTOÐAR?

- Mannauðsdeild Akureyrarbæjar er með verklag um viðbrögð v. eineltis, áreitni eða ofbeldis á vinnustöðum. Hægt er að tilkynna til þeirra og fá aðstoð varðandi næstu skref. Verklag, eyðublöð og leiðbeiningar má nálgast hér: <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/starfsmannahandbok/einelti-areitni-ofbeldi>
- Kynferðislega áreitni er mikilvægt að skrá í atvikaskráningarkerfi vinnustaðar.